

FUNDARGERÐ

Árið 2019, föstudaginn 29. nóvember kl. 12:15, kom ráðgjafarnefnd Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga saman til fundar í Sölvhólsvör á 1. hæð í samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu, Sölvhólsgötu 7 í Reykjavík.

Fundinn sátu: Guðný Sverrisdóttir formaður, nefndarmennirnir Ásta Stefánsdóttir, Birgir Björn Sigurjónsson, Karen E. Halldórsdóttir, Friðbjörg Matthíasdóttir, Margrét Þórarinsdóttir og Stefán Vagn Stefánsson ásamt starfsmönnum Jöfnunarsjóðs þeim Guðna Geir Einarssyni, Gústav Aron Gústavssyni sem ritaði fundargerð, Hrafnkeli Hjörleifssyni og Tinnu Dahl Christiansen.

Gestir fundarins undir lið 6 voru Björn Ingimarsson bæjarstjóri Fljótisdalshéraðs og fulltrúi undirbúningsstjórnar og Róbert Ragnarsson verkefnastjóri hjá RR ráðgjöf.

Formaður setti fundinn og gengið var til dagskrár.

1. Fundargerð frá 23. október 2019

Lögð var fram fundargerð frá 23. október 2019 til umfjöllunar og afgreiðslu.

Fundargerð frá 23. október 2019 var samþykkt án athugasemda og undirrituð.

2. Greiðslu og rekstraráætlun 2020

Lögð var fram til kynningar uppfærð greiðslu- og rekstraráætlun fyrir árið 2020 á grundvelli upplýsinga um áætlaðar tekjur ríkis og sveitarfélaga.

Nefndin gerði ekki athugasemdir við áætlunina.

3. Framlög til sérstakra verkefna

Sóknaráætlanir landshluta – vegna nýrra áætlana

Lagt var fram minnisblað starfsmanns Jöfnunarsjóðs, dags. 25. nóvember 2019, varðandi framlag til landshlutasamtaka vegna nýrra sóknaráætlana ásamt greinargerðum frá öllum landshlutasamtökum.

Ráðgjafarnefnd samþykkti á fundi sínum 30. janúar 2019 að veita 40 m.kr. viðbótarframlag til landshlutasamtakanna vegna vinnu við mótun nýrra sóknaráætlana fyrir árin 2020-2024. Skilyrði fyrir greiðslu framlagsins er að landshlutasamtökin skili inn greinargerð um það starf sem fram hefur farið og yfirliti yfir kostnað. Óskað var eftir þessum upplýsingum og hafa öll landshlutasamtökin skilað inn umbeðnum gögnum.

Nefndin samþykkti að veita framlag að fjárhæð 40 m.kr. til landshlutasamtaka. Skipting framlagsins er á þann veg að 20 m.kr. skiptast á grundvelli núgildandi skiptingar Jöfnunarsjóðs og 20 m.kr. skiptast jafnt, eða 2,5 m.kr. á hver landshlutasamtök.

4. Framlög til sérstakra verkefna

Umsókn frá Reykjavíkurborg vegna sérstakra verkefna

Lagt var fram til umfjöllunar og afgreiðslu erindi frá Reykjavíkurborg, dags. 25. nóvember 2019, um tvær umsóknir þar sem sótt er um framlag á grundvelli 12. gr. reglugerðar nr. 1088/2018, ásamt minnisblað frá starfsmanni Jöfnunarsjóðs, dags. 29. nóvember 2019.

Annars vegar er sótt um 5 m.kr. framlag til að fara af stað með verkefni sem metur árangur félagslegrar ráðgjafar á þjónustumiðstöðvum velferðarsviðs. Stuðst verður við kerfi sem heitir Feedback Informed Treatment (FIT) en kerfið hefur verið notað af sveitarfélögum á Norðurlöndunum.

Hins vegar er sótt um 12 m.kr. framlag til að fara af stað með þróunarverkefnið Námskraft sem felur í sér að brúa bil frá grunnskóla yfir í framhaldsskóla fyrir ungmenni sem komast ekki í framhaldsskóla sem þeim hentar að loknu grunnskólanámi. Fram kemur að verkefnið verði unnið í samstarfi skóla- og frístundasviðs og velferðarsviðs borgarinnar í samstarfi við viðkomandi framhaldsskóla og eða Vinnumálastofnun.

Eftir umræðu nefndarinnar var ákveðið að fresta afgreiðslu umsóknanna og óska eftir frekari upplýsingum um verkefnið og þá sérstaklega hvernig þau geti gagnast öðrum sveitarfélögum.

5. Framlög vegna eflingar tónlistarfræðslu

Framlög vegna 7. gr.

Lagt var fram til umfjöllunar og afgreiðslu tillaga að áætlun framlaga vegna eflingar tónlistarfræðslu skv. 7. gr. fyrir skólaárið 2019-2020, ásamt minnisblaði, dags. 26. nóvember 2019, og yfirliti yfir framlög.

Á grundvelli reglna vegna samkomulags ríkis og sveitarfélaga frá 13. apríl 2016 er Jöfnunarsjóði sveitarfélaga heimilt að veita sveitarfélögum framlög vegna nemenda sem þurfa af gildum ástæðum að sækja tónlistarskóla utan síns sveitarfélags. Áætlun vegna yfirstandandi skólaárs hljóðar upp á rúmar 6 m.kr.

Nefndin samþykkti tillögu að áætluðu framlagi vegna eflingar tónlistarfræðslu skv. 7. gr. að fjárhæð 6.147.110 kr. fyrir skólaárið 2019-2020.

6. Sameining sveitarfélaga

Lagt var fram til umfjöllunar og afgreiðslu umsókn frá undirbúningsstjórn, dags. 26. nóvember 2019, um framlög vegna kostnaðar við undirbúning og innleiðingu sameiningar sveitarfélaga á Austurlandi, ásamt minnisblaði starfsmanns Jöfnunarsjóðs, dags. 27. nóvember 2019.

Til að fylgja umsókninni eftir mættu Björn Ingimarsson bæjarstjóri Fljótsdalshéraðs og Róbert Ragnarsson ráðgjafi við undirbúning sameiningar á fund nefndarinnar. Fram kom í þeirra máli að undirbúningur við sameiningartillögu og samráð við íbúa hafi gengið vel. Nú væri komið að næsta áfanga sem er undirbúningur og framkvæmd sameiningar. Tilgreind eru ýmis verkefni sem framundan eru í bréfi undirbúningsstjórnar ásamt kostnaðaráætlun. Til að standa straum af kostnaði vegna þeirra er óskað eftir viðbótarframlagi að fjárhæð 24,9 m.kr. á grundvelli b-liðar 1. gr. reglugerðar nr. 295/2003. Nefndin hefur áður samþykkt framlag að fjárhæð 37,9 m.kr. vegna könnunar á hagkvæmni, kynningar á sameiningartillögu og framkvæmd atkvæðagreiðslu.

Samkvæmt drögum að nýjum reglum sem kynntar hafa verið í samráðsgátt stjórnvalda myndi framlag til sameinaðs sveitarfélags nema rúmunum 1,1 ma.kr. en þar af næmi framlag vegna kostnaðar við framkvæmd sameiningar og til að stuðla að endurskipulagningu stjórnsýslu 400 m.kr.

Fram kom í umræðu nefndarinnar að verkefni sem tilgreind eru í umsókninni og snúa að undirbúningi og framkvæmd sameiningar falla undir fasta framlagið í nýju reglum. Svo framarlega sem að nýju reglurnar taki gildi þá er litið svo á að fasta framlagið sem hið nýja sameinaða sveitarfélag fær er ætlað að greiða fyrir kostnað vegna þeirra verkefna sem sótt er um. Ákveðið var því að hafna umsókninni með fyrirvara um að nýju reglurnar taki gildi.

7. Dómur Hæstaréttar

Lagt var fram til umfjöllunar og afgreiðslu minnisblað starfsmanns Jöfnunarsjóðs, dags. 28. nóvember 2019, varðandi lántöku úr Fasteignasjóði og áætlun um endurgreiðslu vegna árunna 2013-2016 vegna dóms Hæstaréttar.

Gert er ráð fyrir að í frumvarpi til laga um breytingu á lögum um tekjustofna sveitarfélaga að Jöfnunarsjóði verði heimilt að nýta allt að 1.300 m.kr. úr Fasteignasjóði Jöfnunarsjóðs til að mæta uppgjöri við þau fimm sveitarfélög sem fengu greidd of lág framlög úr sjóðnum á árunum 2013–2018. Sjóðnum er jafnframt heimilt að halda eftir að hámarki sömu fjárhæð af framlögum sjóðsins sem renna skal til baka í Fasteignasjóð Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga.

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra hefur samþykkt að fenginni tillögu ráðgjafarnefndar, með fyrirvara um að lögini taki gildi fyrir áramót, að fjármunir verði nýttir úr Fasteignasjóði til að standa straum af uppgjöri vegna árunna 2017 og 2018 og dreifa endurgreiðslunum til átta ára. Lagt er til að uppgjör vegna árunna 2013-2016 að fjárhæð 935 m.kr. verði gert með sama hætti.

Í frumvarpi til laga um breytingu á lögum um tekjustofna sveitarfélaga kemur fram vilji ríkisstjórnarinnar til þess að Jöfnunarsjóði verði heimilt að nýta allt að því 1.300 m.kr. úr Fasteignasjóði Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga til að mæta uppgjöri við þau fimm sveitarfélög sem fengu greidd of lág framlög úr sjóðnum á árunum 2013-2018. Í ljósi þessa leggur ráðgjafarnefnd Jöfnunarsjóðs til við samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra að heimilað verði að taka lán úr Fasteignasjóði Jöfnunarsjóðs að fjárhæð 935 m.kr vegna uppgjors árunna 2013-2016.

Ráðgjafarnefnd útrekar fyrri bókanir sínar þess efnis að sú fjárhæð sem með þessum hætti lendir á Jöfnunarsjóði sveitarfélaga verði bætt sjóðnum og leggur til að verði fyrirnefnd lagabreyting samþykkt þá verði það gert á átta árum, með greiðslu 1/8 hluta á ári hverju. Áréttar ráðgjafarnefndin að þær ákvarðanir sem leiddu til niðurstöðu Hæstaréttar voru hvorki teknar af ráðgjafarnefndinni né Fasteignasjóðnum og eru alfarið á ábyrgð ríkissjóðs. Ótækt er að mistök við lagasetningu leiði til skertra framlaga til handa sveitarfélögum úr Jöfnunarsjóði. Um er að ræða lögbundinn tekjustofn sveitarfélaga sem verður ekki á nokkurn hátt skertur nema með lagasetningu, sbr. 1. og 2. mgr. 78. gr. stjórnarskrárinnar.

8. Útgjaldajöfnunarframlög 2019

Tillaga að úthlutun framlaga vegna akstursþjónustu fatlaðs fólks úr dreifbýli

Lögð var fram til umfjöllunar og afgreiðslu tillaga að úthlutun framlaga vegna akstursþjónustu fatlaðs fólks úr dreifbýli á árinu 2019, ásamt minnisblaði starfsmanns Jöfnunarsjóðs, dags. 28. nóvember 2019.

Í reglugerð 1088/2018 sem tók gildi um síðustu áramót kom inn nýtt framlag í B-hluta 14. gr., sem fjallar um útgjaldajöfnunarframlög. Á árinu 2019 verður því veitt í fyrsta skipti framlag vegna akstursþjónustu fatlaðs fólks úr dreifbýli. Óskað var eftir umsóknum á þar til gert eyðublað frá

sveitarfélögum þann 11. september sl. og skiluðu 12 sveitarfélög inn umsóknum sem uppfylltu skilyrði framlagsins. Tillaga að úthlutun framlaga var unnin í samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga og félagsmálaráðuneytið.

Nefndin samþykkti tillögu að úthlutun framlaga vegna akstursþjónustu fatlaðs fólks úr dreifbýli að fjárhæð 14. m.kr. á árinu 2019.

9. Framlag vegna lækkunar tekna af fasteignaskatti

Úttekt á framlögum að beiðni Sambandsins

Lagt var fram til umfjöllunar minnisblað starfsmanns Jöfnunarsjóðs, dags. 28. nóvember 2019, ásamt bréfi frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, dags. 30. október 2019, um sérstaka úttekt á framlögum vegna jöfnunar fasteignaskattstekna.

Fram kemur í bréf Sambandsins að á fundi stjórnarinnar þann 25. október 2019 hafi verið bókað og samþykkt að gerð yrði sérstök úttekt og skoðun á framlögum vegna jöfnunar fasteignaskattstekna í samvinnu Sambandsins og Jöfnunarsjóðs. Fulltrúar Jöfnunarsjóðs og Sambandsins hafa hist nokkrum sinnum og er greiningarvinna hafin. Mögulegar breytingar á aðferðum við útreikninga tæki þó ekki gildi fyrr en á árinu 2021 þar sem þegar er búið að áætla framlög næsta árs.

Álagningarhlutföll á árinu 2020

Lagt var fram til umfjöllunar erindi frá Akraneskaupstað, dags. 22. október 2019, varðandi áhrif á framlög Jöfnunarsjóðs við það að lækka álagningarhlutföll fasteignaskatts í tengslum við lífsskjarasamninginn.

Fram kemur í erindinu að í tengslum við lífsskjarasamninga 2019-2022 beindi Samband íslenskra sveitarfélaga þeim tilmælum til sveitarfélaga að hækka ekki gjaldskrá sínar umfram 2,5% á árinu 2020. Akraneskaupstaður hefur ákveðið að lækka álagningarprósentu fasteignaskatts sem veldur því að framlag vegna lækkunar tekna af fasteignaskatti mun lækka um 13 m.kr. til Akraneskaupstaðar á árinu 2020. Óskað er eftir því að þetta verði tekið til skoðunar hjá Jöfnunarsjóði.

Í umræðu nefndarinnar kom meðal annars fram að fleiri sveitarfélög eru óánægð með það að þurfa að lækka álagningarhlutföll sem síðan hefur þau áhrif að framlög til þeirra verði lægri fyrir vikið. Fjallað var um þann möguleika að frysta álagningarhlutföll sveitarfélaga þannig að álagning 2019 myndi gilda fyrir framlagið 2020. Aftur á móti var bent á að það væri full seint á árinu að gera slíka breytingar þar sem fjárhagsáætlanir sveitarfélaga fyrir næsta ár væru komnar langt á veg. Jafnframt þyrfti að gera breytingar á frumvarpi um breytingar á tekjustofnalögum sem nú liggur fyrir á Alþingi.

Eftir umræðu nefndarinnar samþykkti meirihluti nefndarmanna að vísa erindinu til umsagnar hjá Sambandi íslenskra sveitarfélaga.

Áætlun framlaga vegna lækkunar tekna af fasteignaskatti

Lögð var fram áætlun um úthlutun á framlagi vegna lækkunar tekna af fasteignaskatti á árinu 2020 ásamt þar að lútandi minnisblaði, dags. 29. nóvember 2019.

Nefndin samþykkti á fundi sínum 23. október sl. tillögu að áætlun um úthlutun framlaga til sveitarfélaga vegna lækkaðra fasteignaskattstekna á árinu 2020. Endurskoða þarf áætlunina á grundvelli breytinga á greiðslu- og rekstraráætlun fyrir árið 2020.

Samkvæmt greiðslu- og rekstraráætlun sjóðsins fyrir árið 2020 nema framlög vegna lækkunar tekna af fasteignaskatti 5.011,7 m.kr. á árinu. Að teknu tilliti til skuldar við verkefnið vegna ársins 2019 að fjárhæð 29,7 m.kr. og greiðslu til Fasteignasjóðs vegna dóms Hæstaréttar að fjárhæð 80,2 m.kr. er áætlað fjármagn til ráðstöfunar 4.901,8 m.kr. á árinu 2020.

Að umfjöllun lokinni samþykkti ráðgjafarnefndin að gera tillögu til ráðherra um að til úthlutunar kæmi framlag að fjárhæð 4.901,8 m.kr. á árinu 2020 til jöfnunar á tekjutapi vegna fasteignaskatts. Áætlunin tekur mið af áætluðum tekjum ríkissjóðs á árinu 2020. Samþykktin er gerð með fyrirvara um að breytingar á lögum um tekjustofna sveitarfélaga hafi tekið gildi fyrir áramót.

YFIRFÆRSLA MÁLEFNA FATLAÐS FÓLK

10. Notendastýrð persónuleg aðstoð

Tillaga að úthlutun ársins 2019

Lögð var fram til umfjöllunar og afgreiðslu tillaga að úthlutun framlaga vegna NPA samninga á árinu 2019 ásamt þar að lútandi minnisblaði, dags. 21. nóvember 2019.

Jöfnunarsjóður sveitarfélaga greiðir sveitarfélögum/þjónustusvæðum framlög vegna samninga þeirra við fatlað fólk um notendastýrða persónulega aðstoð (NPA) og er kostnaðarþátttaka sjóðsins 25% af upphæð viðkomandi samnings. Sótt er um framlag vegna 90 samninga á árinu 2019 sem er aukning um 13 samninga frá 2018. Samkvæmt bráðabirgðaákvæði laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir veitir ríkissjóður framlag til allt að 103 samninga árið 2019 og er því fjöldi samninga sem sótt er um innan þess ramma.

Nefndin samþykkti að gera tillögu til ráðherra um úthlutun framlaga vegna 90 NPA samninga á árinu 2019 og að til úthlutunar á árinu komi 438 m.kr.

11. Almenn framlög ársins 2019

Tillaga að 4. úthlutun ársins

Lögð var fram til umfjöllunar og afgreiðslu drög að 4. áætlun almennra framlaga vegna þjónustu við fatlað fólk á árinu 2019 ásamt þar að lútandi minnisblaði, dags. 28. nóvember 2019.

Búið er að uppfæra stöðu þjónustu á svæðum að teknu tilliti til:

1. Nýliðunar í málaflokknum.
2. Framkvæmd endurmats á núverandi SIS mati.
3. Aðrar þjónustubreytingar einstaklinga, þ.m.t. andlát einstaklinga og kostnaðarbreytingar vegna þjónustu við einstaklinga án SIS mats.

Að lokinni umfjöllun var ákveðið að leggja til við ráðherra að tillaga að 4. áætlun almennra framlaga 2019 verði samþykkt.

12. Lengd viðvera fatlaðra grunn- og framhaldsskólanemenda

Tillaga að úthlutun ársins 2019

Lögð var fram til umfjöllunar og afgreiðslu tillaga að úthlutun framlaga vegna lengdrar viðveru fatlaðra grunn- og framhaldsskólanemenda fyrir árið 2019 ásamt þar að lútandi minnisblaði, dags. 26. nóvember 2019.

Kostnaður vegna lengdrar viðveru fatlaðra grunnskólabarna í 5.-10. bekk og framhaldsskólanemenda fellur undir heildarfjárhagsramma vegna yfirfærslu á málefnum fatlaðs fólks frá ríki til sveitarfélaga. Greiðslurnar koma sem framlög úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga. Fjármagn til ráðstöfunar nemur samtals 180.000.000 kr. á árinu 2019 og er gert ráð fyrir að 142.000.000 kr. komi til úthlutunar vegna lengdrar viðveru fatlaðra grunnskólanemenda og 38.000.000 kr. vegna lengdrar viðveru fatlaðra framhaldsskólanemenda. Fram kom að umsóknir hefðu borist vegna 255 fatlaðra grunnskólanemenda fyrir vorönn annars vegar og hins vegar 254 nemenda á haustönn 2019. Hvað framhaldsskólanemendur varðar voru umsóknir 104 á vorönn og 110 á haustönn.

Nefndin samþykkir án athugasemda framlag að fjárhæð 180.000.000 kr. vegna lengdrar viðveru fatlaðra grunn- og framhaldsskólanemenda fyrir árið 2019.

13. Embla

Undirbúningsvinna – beiðni um aðkomu Jöfnunarsjóðs

Lagt var fram til umfjöllunar og afgreiðslu erindi frá Hafnarfjarðarbæ, dags. 26. nóvember 2019, fyrir hönd Emblu sjálfseignarstofnun ásamt minnisblaði starfsmanns Jöfnunarsjóðs, dags. 27. nóvember 2019.

Á fundi ráðgjafarnefndar þann 5. september sl. var fjallað um mögulega aðkomu Jöfnunarsjóðs að fyrirhugaðri byggingu íbúðakjarna fyrir ungt fólk sem á við fjölþættan vanda að stríða sem Embla sjálfseignarstofnun stendur að. Nefndin var sammála að um mjög brýnt mál væri að ræða enda mikil þörf á búsetuúrræði sem þessu. Í erindi frá sviðsstjóra fjölskyldu- og barnamálasviðs Hafnarfjarðarbæjar er óskað eftir að Jöfnunarsjóður greiði framlag til undirbúnings verkefninu sem gæti numið allt að 1 m.kr.

Eftir umfjöllun nefndarinnar var samþykkt að veita framlag sem getur numið allt að 1 m.kr.

14. Umsókn vegna gæðaeftirlits

Sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu án Reykjavíkurborgar

Lagt var fram til umfjöllunar og afgreiðslu erindi frá sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu án Reykjavíkurborgar, dags. 30. október 2019, ásamt minnisblaði starfsmanns Jöfnunarsjóðs, dags. 28. nóvember 2019.

Í erindinu kemur fram að sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu sækja um framlag til að unnt verði að koma á gæðaeftirliti með starfsstöðvum fyrir fatlaða íbúa þessara sveitarfélaga. Gert er ráð fyrir að kostnaður verkefnisins nemi 15,2 m.kr.

Nefndin samþykkti að veita framlag að fjárhæð 15.180.000 kr. á grundvelli 4. gr. reglugerðar nr. 145/2019 um framlög sjóðsins vegna þjónustu við fatlað fólk á árinu 2019.

15. Viðbótarframlög

Rekstrarniðurstaða í málaflokki fatlaðs fólks 2018

Lagt var fram minnisblað starfsmanns Jöfnunarsjóðs, dags. 28. nóvember 2019, ásamt útreikningum á rekstrarniðurstöðu sveitarfélaga/þjónustusvæða vegna málefna fatlaðs fólks á árinu 2018. Kallað var eftir rekstrarniðurstöðum svæða vegna ársins 2018 og hafa gögn borist frá 17 af 19 svæðum. Starfsmaður Jöfnunarsjóðs fór yfir rekstrarniðurstöðu svæðanna. Undanfarin ár hefur verið stuðst við rekstraruppgjör við útreikning viðbótarframlaga vegna málaflokks fatlaðs fólks. Með því hefur verið komið til móts við hallarekstur þjónustusvæðanna.

Eftir umræðu nefndarinnar var ákveðið að á næstu fundi yrði tekin ákvörðun um úthlutun viðbótarframlaga þegar öll svæði hafa skilað inn gögnum og fara betur yfir útreikninga.

16. Beiðni um framlag vegna úttektar

Lagt var fram til umfjöllunar og afgreiðslu erindi frá Bergrisanum, dags. 29. nóvember 2019, varðandi beiðni um styrk til úttekta á rekstri Skaftholts og Breiðabólstaðar.

Fram kemur í erindinu að úttekt á rekstri heimilinna er liður í því að kanna hvort mögulegt sé að endurskipuleggja rekstrarforsendur heimilanna sem var búið að koma á fót fyrir yfirfærslu málaflokks fatlaðs fólks til sveitarfélaganna. Tilgangur úttektarinnar er að leiða í ljós hvort hægt sé að hagræða í rekstri þannig að mögulegt verði að koma á samningi um starfsemi á grundvelli framlaga sem málaflokksnum tilheyrir á þjónustusvæðinu.

Eftir umræðu nefndarinnar var samþykkt að veita framlag að fjárhæð 4 m.kr.

17. Önnur mál

Næsti fundur nefndarinnar verður haldinn 20. desember kl. 12:15 og þarnaesti fundur verður haldinn 31. janúar kl. 12:15.

Fleira var ekki tekið fyrir og var fundi slitið kl. 14:30.

Guðný Sverrisdóttir

Ásta Stefánsdóttir

Birgir Björn Sigurjónsson

Friðbjörg Matthíasdóttir

Karen E. Halldórsdóttir

Margrét Þórarinsdóttir

Stefán Vagn Stefánsson